

bjuggu foreldrar J. þar í fjögur ár. Þaðan fluttu þau að Stóradalsseli á Sléttárdal og voru þar tvö ár. Þau sumur vann J. að smalamensku sitt á hverju heimili. Vorið 1897 flutti J. frá foreldrum sínum í ársvist að Ljótshólum í Svínadal. Næstu ár vann hann í Holti á Ásum og síðasta árið á Íslandi vann hann í Engihlíð í Langadal.

Vorið 1900 fluttist J. ásamt foreldrum sínum vestur um haf. Komu þau til Winnipeg annan ágúst en fjórða sama mán., kom J. hingað í bygð og dvaldi þá rúmt ár. Haustið eftir fór hann til Nýja-Íslands; höfðu þá foreldrar hans tekið heimilisréttarland í grend við Árnes, Man. Hafði J. heimili hjá þeim næstu 5 árin, en þá seldi faðir hans landið og flutti til Winnipeg (en síðar til Blaine, Wash., og hefir dvalið þar síðan. Móðir J. dó 1921 en faðir hans giftist aftur).

Jóh. var rúmt ár í Nýja-Íslandi eftir burtför foreldra sinna, en kom svo aftur til bygðarinnar og hefir átt hér heimili mestmegnis síðan, eða yfir 20 ár verið hér heimilisfastur. Hann hefir aldrei gift, og unnið víða annarstaðar en hér, t. d. í Vatnabygðum, Selkirk og vestur við haf. Húnfjörðs-nafnið tók hann upp snemma á árum, en faðir hans aldrei. Skólamentunar hefir J. sama sem engrar notið, hvorki á Íslandi né hér, en bókhneigður talsvert, og hefir fengist nokkuð við ljóðagerð. Félagsmál bygðarinnar hefir hann reynt að styðja talsvert.

Sigurjón Bergvinsson

Sigurjón var fæddur 26. febr. 1848 á Halldórstöðum í Bárðardal, Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru þau hjónin er þar bjuggu þá, Bergvin Einarsson og Friðbjörg Ingjaldsdóttir. Móðir Bergvins var Helga Bergþórsdóttir hreppstjóra á Öxará í Bárðardal. Bróðir Friðbjargar var Jón Ingjaldsson faðir Helgu konu Jóns Sigurgeirssonar hreppstjóra á Hvarfi, foreldrar Hannesar dýralæknis í Reykjavík. Sigurjón ólst upp með foreldrum sínum fyrst á

Halldórsstöðum, næst í Sandvík, svo á Grjótagerði í Fnjóskadal og þaðan ætluðu þau til Brazílu árið 1864, en skipið kom aldrei. Vistuðust þá börn Bergvins á ýmsum stöðum í dalnum. Sigurjón fór að



Sigurjón Bergvinsson



Margrét Jónsdóttir

Sörlastöðum til Jóns Óðalsbónda Sigfússonar og Steinvarar dóttur Jóns Gunnlaugssonar prests á Hálsi í Fnjóskadal. Var þar fyrst smali og síðar vinnumaður. Lagði hann hug á Margréti dóttur Jóns; fanst Jóni fátt um þar sem hann var ríkur en Sigurj. síður en svo. Enda þótt S. væri gott manns-efni, bráðgáfaður og áhugasamur við að afla sér mentunar bæði verklega og bóklega og mjög vel kyntur. Á endanum tókst ráðahagur fyrir milli-göngu góðra manna. Skömmu síðar flutti Jón tengdafaðir hans sig að Espihóli í Eyjafirði, en Sigurjón og Margrét bjuggu rausnarbúi á Sörlastöðum. Var Sigurjón mikils metinn í sveitinni; fékst þar við ýms opinber störf. Eftir 9 ára sambúð misti hann Margréti árið 1885. Þau eignuðust eina dóttur, Steinvöru Véfreyju að nafni. Maður hennar var Björn Lárus Jónsson, hreppstjóri á Seylu í Skagafjarðarsýslu. Hún dó 1911.

Árið 1887 giftist Sigurj. í annað sinn Önnu Stefaníu dóttir Þorkels Pálssonar Þórðarsonar frá Hnúki í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu og Ingibjargar Gísladóttur Stefánssonar frá Flatatungu í Skagafjarðarsýslu (sjá þátt T. J. Gíslasonar). Árið 1889 fluttu þau Sigurj. og Anna vestur í Skagafjörð og bjuggu fyrst þrjú ár í Flatatungu og því næst átta ár í Glæsibæ.

Árið 1900 fluttu þau vestur um haf og settust fyrst að í Winnipeg, svo komu þau út í þessa bygð og dvöldu hér um hrið. Næst fluttu þau vestur til Broadview, Sask. Þar tók Sigurjón land með heimilisrétti og bjó þar rúm þrjú ár. Leiddist Sigurj. þar því fátt var um Íslendinga.

Hingað í bygð flutti Sigurjón árið 1909 og keypti N. $\frac{1}{2}$ S. 21, 1-6V af Gunnlaugi Árnasyni (sjá þátt G. Á.) en seldi landið norðvestur frá nokkru síðar, og settust þau þar að Sigurj. og Anna ásamt tveim sonum sínum, Þorkeli og Gísla Bergman, (dóttur áttu þau er Margrét hét er varð eftir á Íslandi og giftist þar Lárusi Rist sundkennara; aðra dóttur Ingibjörgu mistu þau unga í Winnipeg). Var heimilið rétt í miðri bygðinni. Samkomuhús stendur á syðra landinu og grafreitir Íslendinga, og varð því að sjálfsögðu miðpunktur ísl. félagslífsins meðan þeirra naut.

Það var ekki ríkiðæmi á að skipa er þau fyrst settust hér að, en með hjálp sona hans og framsýni og dugnað Önnu konu hans, jukust eigurnar fljótt. Varð heimilið brátt eitt hinna myndarlegustu, afarstórt og vandað bygðu þeir. Þreskivél keyptu þeir synir hans snemma og starfræktu og tvö lönd til viðbótar.

Tók Þorkell sonur hans snemma við búsför ráðum með móður sinni er Sigurj. gerðist ellimóður og naumast fær um að annast svo stórt bú, gestrisni

þeirra allra er jafnan viðbrugðið og höfðingskap í hvívetna.

Árið 1922 misti Sigurj. Önnu konu sína. Það sama ár kom Pálína systir Önnu vestur um haf með dótturson Sigurj. og Önnu, Óttar að nafni. Var þá dóttir þeirra Margrét ný dáið frá mörgum ungum börnum og hafði Sigurj. lagt drög fyrir að drengurinn kæmi vestur. Tók Pálína þá við búsför ráðum með frændum sínum. Árið 1926 urðu þeir bræður að hætta búskap vegna vanheilsu Þorkels. Leigðu þeir bræður út landeignina og fluttu til Winnipeg ásamt Pálínu móðursystir sinni og Ottari frænda sínum og höfðu þar á hendi flutninga. Nú hafa þeir á hendi eldiviðarsölu í Winnipeg.

Gísli fór til Íslands um 1929 ásamt Pálínu og Ottari og keypti verzlun í Reykjavík og starfaði að því nokkur ár með Ottari unz hann dó. Pálína er dáið líka, en Gísli kominn til Winnipeg aftur.

Eftir að þeir bræður fluttu til Winnipeg, varð Sigurjón eftir og hafði heimili hjá systur og fósturdóttur sinni Ísfoldu og manni hennar Árna Ólafssyni (sjá þátt Árna Ólafssonar) foreldrar hennar voru Jósef Magnússon og Soffía systir Sigurjóns, en heimsótti syni sína í Winnipeg með köflum, og hjá Þorkeli andaðist hann 19. apríl 1934.

Með Sigurjóni er fallinn í valinn einn af máttarstólpum vors íslenzka kynþáttar í Vesturheimi. Hafði hann afar víðþætta greind, skáldmæltur vel og djúpsæknari en fjöldi samtíðarmannanna, víðlesinn og fróður um margt, enda unun að hlýða á hugmyndaflug gamla mannsins og orðgnótt.

Nú leigir lönd Þorkels í bygðinni Óli Sveinbjörnsson Björnssonar og bústýra hans Matthildur Oddsdóttir (sjá ætt hans: bls. 91 í Almanaki O. S. Thorgeirssonar, 1935). Kona Óla er af norskum ættum.